

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. tölulið í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. mars 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 169

9. mars 2000

AUGLÝSING

um skipulag í Kópavogi.

Breytt deiliskipulag við Hlíðasmára 2, 4 og 6.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 25. maí 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Hlíðasmára 2, 4 og 6. Í breytingunni felst að grunnflötur fyrirhugaðra bygginga á lóðunum er minnkaður, hæðum fjölgar úr 3 í 6 hæðir og byggingamagn er aukið þannig að nýtingarhlutfall lóðanna fer úr 0,6 í 0,8.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 4. júní til 7. júlí 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytt deiliskipulag við Bæjarlind 12.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 17. febrúar 2000 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Bæjarlind 12. Í breytingunni felst að fyrirhuguð bygging á lóðinni verður tvær hæðir auk kjallara í stað tveggja hæða að hluta og einnar hæðar að hluta auk kjallara. Bílastæðum er fjölgað jafnframt því sem fyrirkomulag þeirra breytist. Hluti stæða er í yfirbyggðri bílageymslu. Aðkoma að lóð breytist.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 6. desember 1999 til 7. janúar 2000 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytt deiliskipulag við Vesturvör 30.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 25. ágúst 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Vesturvör 30. Tillagan gerir ráð fyrir þremur stakstæðum húsum í stað einnar byggingar. Fyrirkomulag bílastæða og afmörkun lóðar breytist.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 23. júní til 21. júlí 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 9. mars 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.